

## Skólamálin

Eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga er að reka grunnskóla, og ef þau hafa ekki til þess afl þá verða þau að semja við annað sveitarfélag um að sinna þessari skyldu.

Í A-Hún eru þrjú grunnskólar; Blönduskóli með 126 nemendur, Höfðaskóli með 88 nemendur og Húnavallaskóli með 49 nemendur m.v. tölur frá 2016. Nemendum hefur fækkað í Höfðaskóla og Húnavallaskóla eins og sjá má í töflu 1.

Skólar	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Blönduskóli	126	125	125	118	128	125	122	120	126
Höfðaskóli	110	112	113	101	98	93	96	94	88
Húnavallaskóli	70	67	63	60	60	56	57	47	49
<b>Samtals</b>	<b>306</b>	<b>304</b>	<b>301</b>	<b>279</b>	<b>286</b>	<b>274</b>	<b>275</b>	<b>261</b>	<b>263</b>

Tafla 1 – Nemendafjöldi grunnskólabarna frá 2008 – 2016

Stundum gerist það að skólum er lokað því nemendur eru orðnir það fáir að ekki er lengur talið réttlætlegt, einkum vegna barnanna, að halda áfram að reka skólann. Ekki liggur fyrir hvar þau mörk á fjölda eru því það getur verið mismunandi eftir aðstæðum. Það er þó augljóst merki um þennan vanda þegar foreldrar eru farnir að færa börn sín úr skólum af því talið er betra félagslega að þau fari í stærri skóla, því þar eigi þau meira félagaval. Í viðtölum okkar í Ráðrík við íbúa í Austur-Húnavatnssýslu kom eftirfarandi m.a. fram í umræðu um Húnavallaskóla:

„Það er spurning um félagsfærni, nemendur héðan hafa verið að „brotlenda“ í framhaldsskóla af því þau ráða ekki við fjöldann.“

Við heyrðum líka á fólki að það er því áhyggjuefni að skólanum á Húnavöllum yrði lokað ef sveitarfélögin yrðu sameinuð. Og áhyggjurnar voru bæði vegna þess að þar er unnið gott starf og börnunum líður almennt vel, og svo af því að þetta væri spurning um atvinnu fólks sem þar vinnur.

Það er ekkert endilega samband á milli þess að sameina sveitarfélög og að sameina skóla, og skólar hafa verið lagðir niður án þess að sveitarfélagið hafi sameinast sbr. skólann í Akrahreppi.

Í samtölum við íbúa kom einnig fram að:

„Aðstæður eins og þær eru í dag eru þannig að ekki er hægt að loka skóla því núverandi húsnæði á Blönduósi er þegar of lítið, engar sérgreinastofur, og er þá of lítið og ófullnægjandi ef Húnavallaskóla er lokað.“

Einnig var á það bent að ef sameinað yrði í eitt sveitarfélag þá skapaði það líka aðra möguleika:

„Flæði kennara og nemenda gæti verið liprara á milli skóla. Væri hægt að nýta kosti allra skólanna. Kennarar gætu líka kennt meira í sinni grein. Þessi fjölbreytni getur verið hluti af samkeppnishæfni svæðisins.“

Á það hefur líka verið bent að það er dýrt að reka skóla og að fámennir skólar eru dýrari í rekstri en fjölmennari. Meðfylgjandi tafla sýnir kostnað við rekstur skóla í A-Hún og til samanburðar eru skólar á Grenivík (Grýtubakkahreppur) sem er sveitarfélag sem er aðeins fámennara en Skagaströnd og Húnavatnshreppur, og svo Dalvíkurbyggð sem er sameinað sveitarfélag sem heldur úti einum fámennum skóla á Árskógströnd ásamt fjölmennari skóla á Dalvík.

Það má ætla að skólamálin á svæðinu verði áfram til umræðu hvort sem sveitarfélögin verða sameinuð eða ekki.

#### Samanburður á grunnskólakostnaði pr. nemenda

Samanburður á kostnaði við grunnskóla á nemanda	Húnavallaskóli	Blönduskóli	Höfðaskóli	Dalvíkurb.	Grýtubakkahr.
Fjöldi nemenda 2016	49	126	88	234	48
Kostnaður við grunnskóla 2016 án skólaaksturs	137.036	216.801	164.641	445.991	115.859
Grunnskólaframlag Jöfnunarsjóðs	-61.496	-82.699	-71.578	-101.495	-44.957
<b>Nettó kostnaður við grunnskóla</b>	<b>75.540</b>	<b>134.102</b>	<b>93.063</b>	<b>344.496</b>	<b>70.902</b>
<b>Kostnaður á nemanda (Jöfnunarsj. dreginn frá)</b>	<b>1.542</b>	<b>1.064</b>	<b>1.058</b>	<b>1.472</b>	<b>1.477</b>
<b>Jöfnunarsjóður á nemanda</b>	<b>1.255</b>	<b>656</b>	<b>813</b>	<b>434</b>	<b>937</b>
<b>Kostnaður á nemanda með Jöfnunarsjóð</b>	<b>2.797</b>	<b>1.721</b>	<b>1.871</b>	<b>1.906</b>	<b>2.414</b>